

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 392. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 5. júní 2025 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Unglingadeildin Drekkinn kemur í heimsókn og kynnir landsmót unglingadeilda Landsbjargar sem haldið verður í Snæfellsbæ 25. – 29. júní.
- 2) Kosning forseta bæjarstjórnar til eins árs.
- 3) Kosning 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar til eins árs.
- 4) Kosning þriggja aðila og jafnmargra til vara í bæjarráð til eins árs.
- 5) Fundargerð 192. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 14. maí 2025.
- 6) Fundargerð 29. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 3. júní 2025.
- 7) Fundargerð 231. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 20. mars 2025.
- 8) Fundargerð 195. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 28. maí 2025.
- 9) Fundargerð 187. fundar stjórnar SSV, dags. 12. mars 2025.
- 10) Fundargerð 188. fundar stjórnar SSV, dags. 30. apríl 2025.
- 11) Fundargerð 88. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 15. apríl 2025.
- 12) Fundargerð 89. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 7. maí 2025.
- 13) Fundargerð 472. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 28. apríl 2025.
- 14) Brautarholt – landamerki.
- 15) Bréf frá öryggisnefnd grunnskóla Snæfellsbæjar, dags. 22. maí 2025, varðandi úrbætur á skólalóðum.
- 16) Bréf frá MSI, dags. 27. maí 2025, varðandi leyfi Snæfellsbæjar til að halda motocrosskeppni 14. júní.
- 17) Bréf frá SAMAN-hópnum, dags. 27. maí 2025, varðandi hvatningu til fjölskyldusamveru í sumar.
- 18) Bréf frá afkomendum Jóns Sigurðssonar og Guðrúnar Tryggvadóttur, dags. 24. maí 2025, varðandi umhverfi stytunnar af Bárði Snæfellsás.
- 19) Umboð til bæjarráðs í sumarleyfi bæjarstjórnar.
- 20) Minnispointar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ 8. 3. júní 2025
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Fullgild rafræn undirskrift

VALGERÐUR HLÍN KRISTMANNSDÓTTIR

Kennitala: 160608-2609
2025-05-15 10:41:04 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

GUNNÞÓRA GUÐMUNDSDÓTTIR

Kennitala: 150576-3859
2025-05-15 11:24:05 GMT
Skipulagsfulltrúi

Fullgild rafræn undirskrift

RAGNAR MÁR RAGNARSSON

Kennitala: 200375-5109
2025-05-16 10:15:19 GMT
Byggingarfulltrúi

Fullgild rafræn undirskrift

HALLVEIG HÖRN ÞORBJARGARDÓTTIR

Kennitala: 151006-3759
2025-05-15 10:42:48 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

HALLDÓR KRISTINSSON

Kennitala: 150475-6009
2025-05-15 11:33:01 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

KRISTJANA HERMANNSDÓTTIR

Kennitala: 080547-5509
2025-05-16 11:06:45 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

MAGNÚS EIRÍKSSON

Kennitala: 250862-3729
2025-05-15 10:43:41 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

MATTHÍAS PÁLL GUNNARSSON

Kennitala: 040478-5909
2025-05-15 12:14:23 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

HILDIGUNNUR HARALDSDÓTTIR

Kennitala: 000654-4219
2025-05-15 10:55:22 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

ILLUGI JENS JÓNASSON

Kennitala: 300668-4799
2025-05-15 13:19:30 GMT
Ástæða: Undirskrift

**nefnd - 192192. fundur umhverfis- og
skipulagsnefndar**
haldinn Hótel Búðir, miðvikudaginn 14. maí 2025
og hófst hann kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Hildigunnur Haraldsdóttir, Matthías Páll Gunnarsson, Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson og Gunnþóra Guðmundsdóttir.

Fundargerð ritaði: Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

1. Búðarkirkja - Ósk um heimild til skipulagsgerðar - 2504009

Halldóra Narfadóttir sækir fyrir hönd Náttúruverndarstofnunar og sóknarnefndar Búðarkirkju um leyfi til að hefja vinnu við gerð nýs deiliskipulags. Nýtt fyrirhugað deiliskipulag tekur til hluta af landi Búðarkirkju og Búða sem nær yfir kirkjuna, kirkjugarðinn, bílastæði kirkjunnar og ný bílastæði í landi Búða, norðvestan við Hótel Búðir.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

2. Kálfárvellir, Bjarnarfosskot og Bjarnarfosskot II - Merkjalýsing - 2505016

Hildigunnur Haraldsdóttir óskar fyrir hönd eigenda Bjarnarfosskots og Kálfárvalla eftir heimild til að ganga frá skráningu landamerkja Kálfárvalla, Bjarnarfosskots og Bjarnarfosskots II með merkjalýsingu og hnitsettum uppdrætti.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um undirritun allra hlutaðeigandi.

Samþykkt

3. Fjólubakki - Umsókn um leyfi til að setja niður 71,6 fm frístundahús - 2504006

Helgi Steinar Helgason, hönnuður, sækir fyrir hönd Lúks ehf um byggingarleyfi til að setja niður tilbúið 71,6 fm frístundahús úr timbri í landi Fjólubakka. Húsið var smíðað í Danmörku.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en bendir á að aðlagða þurfi húsið betur að landi í samráði við byggingarfulltrúa. Einnig þarf að gera grein fyrir slökkvivatni.

Jákvætt

4. Bárðarási 21 - Umsókn um leyfi fyrir 15 fm timburhúsi undir snyrtistofu - 2504003

Martyna Janewicz óskar eftir leyfi fyrir því að setja upp 15 fm timburhús á lóð sinni að Bárðarási 21. Áætlað er að starfrækja þar snyrtistofu.

Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar erindinu þar sem smáhýsi eru nú þegar á lóðinni og ekki heimilt að bæta við fleirum. Einnig uppfyllir smáhýsi ekki kröfur um atvinnuhúsnæði. Nefndin bendir umsækjanda á þann möguleika að gera viðbyggingu sem fellur vel að núverandi íbúðarhúsi.

Hafnað

5. Bárðarási 21 - tilkynning um framkvæmdir undanþegnar byggingarleyfi - 2505011

Piotr Janewicz óskar eftir byggingarleyfi til að skipta um alla glugga á húsi sínu að Bárðarási 21. Breyting verður á útliti glugganna en ekki stærð þeirra.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en óskar eftir frekari gögnum vegna útlitsbreytinga og björgunaropa.

Jákvætt

6. Bæjartún 11 - Umsókn um leyfi fyrir nýjum gluggum - 2505034

Jowita Lewoniewska sækir um byggingarleyfi fyrir því að skipta út núverandi timburgluggum fyrir plastglugga á íbúð sinni á efri hæð Bæjartúns 11. Stærðir haldast óbreyttar en útlitið er breytt.

Umhverfis- og skipulagsnefnd frestar erindinu og tæknideild falið að óska eftir frekari gögnum.

Frestað

7. Míla - Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna lagningar ljósleiðara á Hellissandi - 2504027

Reynir Jónasson sækir fyrir hönd Mílu eftir framkvæmdaleyfi vegna endurnýjunar á fjarskiptalögnum Mílu á Hellissandi. Fyrirhugað er að leggja ljósleiðara samkvæmt meðfylgjandi yfirlitskorti haustið 2025.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

8. Míla - Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna lagningar ljósleiðara í Ólafsvík - 2504029

Reynir Jónasson sækir fyrir hönd Mílu um framkvæmdaleyfi vegna endurnýjunar á fjarskiptalögnum Mílu í Ólafsvík. Fyrirhugað er að leggja ljósleiðara samkvæmt meðfylgjandi yfirlitskorti í ágúst 2025.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

9. Grundarslóð 12 - Umsókn um stöðuleyfi - 2504001

Magnús Þórarinn Ólafsson sækir um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi að Grundarslóð 12 til 30. ágúst 2025 vegna útgerðar sinnar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Samþykkt

10. Vallholt 17 - Umsókn um heimild til að nota íbúð á neðri hæð sem gistiheimili - 2505005

Pawel Prostko óskar eftir heimild til að útbúa gistiheimili úr íbúðinni á neðri hæð húss síns að Vallholti 17. Hann hyggst leigja íbúðina óbreytta út til ferðamanna. Íbúðin er með sér inngang og bílastæði.

Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar erindinu á grunni stefnu sveitarfélgsins um að heimila ekki frekari rekstur gistiheimila í íbúðarhúsabyggð í Snæfellsbæ.

Hafnað

11. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2025 - 2412010

- Byggingarfulltrúi fór yfir leiðbeiningar fyrir íbúa er varða ýmis byggingarmál og áform tæknideildar um að útbúa sér svæði innan vefsíðu Snæfellsbæjar þar sem hægt yrði að nalgast þær.

- Aðgengi að nytjahorni Kubbs rætt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.

29. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 3. júní 2025 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.

Mætt: Kristinn Jónasson, Björn Arnaldsson, Smári Jónas Lúðvíksson, Ragnar Már Ragnarsson, Valgerður Kristmannsdóttir, Vagn Ingólfsson, Matthías Páll Gunnarsosn, Ævar Sveinsson og Baldvin Leifur Ívarsson. Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð.

Fundarmenn óskuðu Birni til hamingju með heiðrunina á Sjómannadaginn um helgina.

1) Björn fór yfir neðangreinda punkta um framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs:

- a) Unnið er að lokafrágangi við nýjan löndunarkrana við Norðurkant í Rifshöfn. Í Rifshöfn eru nú komnir 3 löndunarkranar.
- b) Útboð vegna lengingar á Norðurgarðsbryggjunni í Ólafsvík um 100.0 m. þ.e. fyrirstöðugarður, þilskurður og rekstur á stálþili var auglýst 05.05. og var opnað 20.05. s.l. 3 tilboð bárust og er verið að fara yfir tilboðin.
- c) Búið er að skipta um 20 fríholtalengjur á Norðurgarðsbryggjunni í Ólafsvík.
- d) Verið er að vinna við athugun á frekari sjóvörnum við Marbakka í Staðarsveit.
- e) Svæði í landi Ytri Tungu í Staðarsveit hefur verið skoðað varðandi þörf á sjóvörnum og er verið að meta hvaða kostir eru í stöðunni.
- f) Fyrirhugað er að skoða svæði innan þjóðgarðsins á Malarífi varðandi þörf á sjóvörnum.
- g) Verið er að undirbúa merkingar á götum og bílastæðum á hafnarsvæðum Rifshafnar og Ólafsvíkurhafnar.
- h) Búið er að laga vefmyndavélar á öllum hafnarsvæðum. Búið er að setja upp nýjan router í Ólafsvík og til stendur að skipta þeim út í Rífi og á Arnarstapa fljótlega.

2) Leifur fór yfir framkvæmdir:

- a) Unnið hefur verið að endurnýjun á íbúðinni í Engihlíð 22, 3hh.
- b) Aðstoðað við anddyrið á Jaðri ásamt öðrum smærri tilfallandi verkefnum þar.
- c) Farið í smærri verk í leikskólanum.
- d) Slípuð gólf í sturtuklefunum við Lýsulaugar og þau máluð aftur.
- e) Athugaðar þakrennur á 60+ íbúðunum. Þær eru að verða ónýtar. Samið við Jón smið um að skipta þeim út í sumar.
- f) Ýmislegt gert á öðrum stofnunum bæjarins, t.d. leikskólanum, Klifi, Röst og Jaðri, enda margt sem fellur til á hverjum degi.

3) Ævar sendi punkta vegna Áhaldahússins.

- a) Rotþrær hreinsaðar á Arnarstapa við hótelið, félagsheimilið og úti við sumarbústaðina. Farið með 4 fulla bíla í förgun.
- b) Sett ný sitrulögn á Arnarstapa.
- c) Grindverk við fótboltavöll var lagað.
- d) Undirstöður undir flaggstöng á Arnarstapa löguð og ný flaggstöng sett upp.

Handwritten signatures and initials at the bottom right of the page, including "Vi MPR", "BKS", "Chae", "BA", "SH", "UK", and "JG".

- e) Lagaðar girðingar. Lokið við girðingar fyrir utan Enni og á Lýsuhóli. Verið er að ljúka við lagfæringar ofan við Ólafsvík.
- f) Lokið við að laga jólastjörnur.
- g) Öryggisgrindur lagaðar.
- h) Lokið við að keyra út salti í vegi sem til var.
- i) Gömlu saltkörin rifin og þeim fargað.
- j) Vatnsleki í Rifi lagaður.
- k) Framlengd vatnslögn í Vallholti að neðanverðu að húsi nr. 3
- l) Öllum blómakerjum safnað saman, endurnýjað í þeim dren og mold sett í þau. Blómakerin keyrð aftur út á sína staði.
- m) Sláttur er hafinn á tjaldstæðum og við höfnina í Rifi.
- n) Krían kom í Rif 15. maí 2025.
- o) Tiltekt og lagfæringar um allan bæ ásamt hinu og þessu sem til fellur.

4) Matthías fór yfir neðangreinda punkta:

Sundlaug

- a) Saunatunna bilaði. Nýtt element sett í.
- b) Gólf í saunatunnu lagað.
- c) Gólf í infrared skáp lagað.
- d) Sett ný kyndivatnsdæla fyrir vaðlaugina.
- e) Robust master dælan bilaði og var skipt um þennsluloka.
- f) Verið er að setja upp lýsingu í rennibraut.
- g) Settur upp upplýsingaskjár í anddyri.
- h) Það hrundi tíðnibreytir í gær og var skipt um hann.
- i) Til stendur að mála þakið á sundlauginni og gera við þakrennur.

Íþróttavöllur - Ólafsvík

- j) Tekið var til á vallarsvæðinu eftir veturinn og stúkurnar þrífarnar.
- k) Sláttur er hafinn á vallarsvæðinu.
- l) Meistaraflokkurinn er búinn að setja upp myndavél á völlinn svo nú verða allir heimaleikir sýndir beint.

Grunnskólinn

- m) Settar upp tvær varmadælur í Ólafsvík.
- n) Sett upp eftirlitsmyndavél í miðrými skólans í Ólafsvík.

Slökkvilið

- o) Haldin var reykköfunaræfing
- p) Fjögur reykköfunartæki fóru í skoðun.
- q) Hafnarsvæðið í Ólafsvík var þrifið að hluta fyrir sjómannadaginn.
- r) Farið var í öryggisúttekt á Hellnum.

Annað

- s) Settur var upp nýr switch router og wifi á höfninni í Ólafsvík.
- t) Vinna stendur yfir við að taka upp nýtt skjalastjórnunarkerfi í Ráðhúsinu.

Handwritten signatures and initials:

MPK, VÍ, Chræ, SV, UK, and other illegible signatures.

5) Vagn fór yfir punkta vegna grunnskólamannvirkja.

- a) Almenn umsýsla og viðhald í kringum skólana á vormánuðum.

6) Ragnar, Smári og Valgerður fóru yfir punkta vegna tæknideildarinnar:

- a) Jarðvinna í Vallholti er komin vel af stað og stýttist í að byrjað verði að leggja lagnir í þann hluta götunnar sem búið er að moka upp. Áætluð verklok eru í sl. 20 júlí en þá verður gatan malbikuð. Í framhaldi verða gangstéttir steypar.
- b) Búið er að setja upp nýjar innréttingar í anddyri Jaðars. Lítilsháttar frágangur er eftir þar til að stækkun anddyrisins verði fulllokið.
- c) Það stýttist í að málningarvinna á Jaðri, bæjarskrifstofunum, Vallholti 19 og þaki sundlaugarinnar hefjist. Einnig verður þak „nýja skólans“ í Ólafsvík málað.
- d) Í sumar verður farið í að endurnýja þak ráðhússins. Núverandi þakjárn verður fjarlægt, súðin löguð til eftir þörfum og dúkur lagður á þakið. Einnig verða gluggar á milli þaka endurnýjaðir. Farið verður í múrviðgerðir og húsið málað að utanverðu. Að lokum verður skipt um útidyrhurðir.
- e) Sumarvinnan er komin af stað og er m.a. byrjað á að gróðursetja blóm í kör, slá opin svæði ofl. Yngri starfsmenn vinnuskólans munu hefja störf þann 11. júní. Verið er að breyta til í ár og var starfsstöð vinnuskóla færð úr Áhaldahúsi í Áttthagastofu.
- f) Unnið er að skipulagstillögu fyrir bílastæði, matarvagna og rútustæði á Arnarstapa þar sem að matarvagnarnir standa í dag.
- g) Framkvæmdir við breytingu á innra skipulagi leikskólans í Ólafsvík ganga ágætlega. Búið er að stúka niður rýmin þrjú sem munu nýtast sem undirbúningsherbergi starfsmanna, skrifstofa skólastjóra og kennarastofa. Búið er að leggja raflagnir í vegg og loka þeim. Næst verður farið í að mála, ganga frá rafmagni og setja upp hurðir. Á næstu vikum verður gengið frá lóð í kringum viðbygginguna.
- h) Eldhúsinnrétting í félagsmiðstöðinni Afdrep á Hellissandi verður endurnýjuð í sumar. Innréttingin verður stækkuð töluvert og verður m.a. veggur tekinn niður sem stúkar núverandi eldhús af. Áhersla verður lögð á að verkinu verði lokið áður en félagsmiðstöðin opnar að nýju eftir sumarfrí.
- i) Unnið er að endanlegri útfærslu á körfuboltavöllum sem settir verða upp seinnipart sumars á lóðum grunnskólanna í Ólafsvík og Hellissandi.
- j) Auk þeirra verkefna sem talin eru upp hér að ofan eru dagleg verkefni hjá tæknideildinni er varða þjónustu við íbúa, endurnýjun lóðarleigusamninga, breytt landamerki, yfirferð teikninga, úttektir, skipulagsmál, verkefni tengd opnum svæðum og framkvæmdum bæjarins, svo eitthvað sé nefnt.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 16. júlí kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:20



Þórunn Árnadóttir.

Matthías Póli Gunnarsson.

Smári J. Lífuríksson

Valgerður Kristmannsdóttir.

Baldur L. Þararson.

Ólafur Sveinsson



Vagn Ingólfsson



BREIÐAFJARÐARNEFND

231. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 20. mars 2025, á Teams

Mætt frá Breiðafjarðarnefnd: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir, varaformaður, Valdís Einarsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Arnheiður Jónsdóttir, Karl Kristjánsson, Arnar Kristjánsson og Sunna Björk Ragnarsdóttir.

Forföll: engin

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 11.00.

1. Fundargerð 230. fundar Breiðafjarðarnefndar

Fundargerð 230. fundar nefndarinnar, sem var haldinn á Teams 4. mars 2025.

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

2. Endurheimt Hraunsfjarðar

Breiðafjarðarnefnd hefur fjallað um mögulega endurheimt Hraunsfjarðar, sem var stíflaður á 9. áratug 20. aldar. Lesa má nánar um hugmyndir Breiðafjarðarnefndar [hér](#).

Breiðafjarðarnefnd átti fund með landeigendum Hraunsfjarðar um mögulega endurheimt fjarðarins 14. mars. Á fundinum var áfram rætt um viðmið og næstu skref verkefnisins.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerði áætlun um næstu skref verkefnisins.

3. Umsögn vegna skipulagsbreytinga í Sveitarfélaginu Stykkishólmi

Breiðafjarðarnefnd fékk beiðni um umsögn frá Sveitarfélaginu Stykkishólmi vegna þriggja skipulagsáætlana. Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar vann drög að umsögn milli funda og sendi þau á nefndafólkið.

Afgreiðsla:

Nefndin skoðaði drögin og samþykkti þau með fyrirvara um breytingar sem ræddar voru á fundinum.

4. Jónsnes í Sveitarfélaginu Stykkishólmi

Breiðafjarðarnefnd hefur orðið var við framkvæmd í Jónsnesi í Sveitarfélaginu Stykkishólmi innan verndarsvæðis Breiðafjarðar. Skipulag hófst án aðkomu Breiðafjarðarnefndar en samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar ber að afla umsagnar nefndarinnar um framkvæmdir innan



BREIÐAFJARÐARNEFND

verndarsvæðisins. Starfsmaður nefndarinnar óskaði eftir upplýsingum frá sveitarfélaginu um málið og sendi fyrirspurn til Skipulagsstofnunar um málsmeðferð.

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar svar Skipulagsstofnunar þar sem fram kemur að málið sé til skoðunar hjá stofnuninni.

5. Búðanes í Sveitarfélaginu Stykkishólmi

Sveitarfélagið Stykkishólmur hefur haldið áfram jarðvegsvinnu við Búðanes í þeim tilgangi að útbúa söguleið um svæðið. Lesa má um málið í frétt frá 6. nóvember 2024 á heimasíðu sveitarfélagsins [hér](#).

Breiðafjarðarnefnd sendi fyrirspurn til sveitarfélagsins, en ekki hefur borist svar. Auk þess sendi nefndin fyrirspurn til Skipulagsstofnunar vegna málsmeðferðar í lok mars.

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar svar skipulagsstofnunar þar sem kemur fram að málið er til skoðunar hjá stofnuninni.

6. Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar 2025

Breiðafjarðarnefnd er að undirbúa vettvangsferð árs 2025.

Afgreiðsla:

Nefndin ræddi vettvangsferðina og gerði fyrstu grófu áætlun um ferðina, sem fyrirhugað er að fara í lok júní 2025.

7. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður fjarfundur á Teams þann 9. apríl 2025, kl. 11.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.15.

Fullgild rafraen undirskrift
ÞORSTEINN NARFASON
Kennitala: 200366-5069
2025-05-30 15:18:15 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift
KRISTINN HALLUR SVEINSSON
Kennitala: 210572-5979
2025-05-30 20:44:07 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift
SIGRÚN ÓLAFSDÓTTIR
Kennitala: 220465-5009
2025-05-30 20:58:20 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift
GARÐAR FREYR VILHJÁLMSOHN
Kennitala: 170290-2759
2025-05-30 21:06:01 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift
BJARNI SIGURBJÖRNSSON
Kennitala: 021262-3079
2025-05-31 11:55:31 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift
TRAUÐTI GYLFASON
Kennitala: 300964-4949
2025-06-01 12:09:28 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift
BIRKIR SNÆR GUÐLAUGSSON
Kennitala: 261087-3599
2025-06-01 17:02:21 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift
AUÐUR KJARTANSÐÓTTIR
Kennitala: 230891-2309
2025-06-01 17:04:11 GMT
Ástæða: Undirskrift



195. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var haldinn á Teams miðvikudaginn 28. maí 2025 og hófst hann kl. 16.

Mættir: Kristinn Hallur Sveinsson, Auður Kjartansdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Birkir Snær Guðlaugsson, Bjarni Sigurbjörnsson, Garðar Freyr Vilhjálmsson og Trausti Gylfason.

Dagskrá

1. Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndar.

- 1.1 Bygghamar ehf. sækir um nýtt leyfi til reksturs gististaðar á Lyngholti, Helgafellssveit. Heiti gististaðar er Bygghamar og fjöldi gesta er 8. Leyfi gefið út 26. mars 2025 og gildir í 12 ár.
- 1.2 Sólarspport ehf. Ennsibraut 11 í Ólafsvík sækir um breytt leyfi fyrir litla líkamsræktarstöð og sólbaðsstofu. Leyfi gefið út 27. mars 2025 og gildir í 12 ár.
- 1.3 Mystic Light ehf. sækir um nýtt leyfi til reksturs gististaðar á Ljárskógarströnd 26 Laxárdal í Döllum. Heiti gististaðar er Mystic Light Lodge. Tvö smáhýsi með samtals 4 gesti. Leyfi gefið út 14. apríl 2025 og gildir í 12 ár.
- 1.4 Turkish Kebab ehf. sækir um leyfi fyrir lítinn matsöluvagn sem staðsettur er í Borgarnesi. Númer er bíls er er PP 851. Leyfi gefið út 14. apríl og gildistími er ótímabundinn.
- 1.5 Hjallastefnan ehf. sækir um leyfi vegna breytinga á húsnæði leikskólans á Varmalandi. Leyfi gefið út 22. apríl 2025 og gildir í 12 ár.
- 1.6 Local ehf. sækir um leyfi fyrir matsölustað, gestafjöldi færri en 16 manns, í Hyrnunni Brúartorgi 1 í Borgarnesi. Leyfi gefið út 29. apríl 2025 og er gildistími ótímabundinn.
- 1.7 Galito ehf. sækir um leyfi fyrir matsölustað, gestafjöldi yfir 50 manns, í golfskála Leynis á Akranesi. Leyfi gefið út 29. apríl 2025 og er gildistími ótímabundinn.
- 1.8 Anna María Þórðardóttir sækir um nýtt leyfi fyrir rekstur fóttaðgerðarstofu á Kirkjubraut 56 á Akranesi. Leyfi gefið út 6. maí 2025 og gildir í 12 ár.
- 1.9 Orka náttúrunnar ohf. sækir um leyfi fyrir rekstur Andakílsárvirkjun. Leyfið rann út 10. maí 2024 og framlengdi Heilbrigðisnefnd Vesturlands leyfið um eitt ár á fundi 6. maí 2024. Leyfið var auglýst á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins í 4 vikur frá 8. apríl 2025 til 6. maí 2025. Athugasemdir bárust frá Umhverfisstofnun. Leyfi gefið út 8. maí 2025 og gildir í 12 ár.
- 1.10 Þula ehf. sækir um nýtt leyfi fyrir þvottahús á Hamraenda 4 í Stykkishólmi. Leyfið var auglýst á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins í 4 vikur, frá 22. apríl til 20. maí 2025. Engar athugasemdir bárust. Leyfið gildir í 12 ár.
- 1.11 Gamla ráðhúsið ehf. sækir um nýtt leyfi fyrir gististað á Borgarbraut 14 í Borgarnesi. Heiti gististaðar er Gamla ráðhúsið og fjöldi gesta er 21. Leyfi gefið út 16. maí 2025 og gildir í 12 ár.

- 1.12 Sker Restaurant ehf. sækir um nýtt leyfi til reksturs gististaðar, stærra gistiheimili, á Ólafsbraut 19 í Ólafsvík. Fjöldi gesta skv. umsókn er 52 gestir.
- 1.13 Grundafjarðarbær sækir um ný leyfi til reksturs þriggja opinna leiksvæða í Grundarfirði; á Hjaltalínsholti, Sæbóli og Þríhyrningi. Leyfin gefin út 19. maí 2025 og gilda í 12 ár.
- 1.14 Stjarnan ehf. sækir um nýtt leyfi til reksturs matsölustaðar á Brúartorgi 1 í Borgarnesi. Heiti staðar er Subway. Leyfi gefið út 20. maí 2025 og gildistími leyfis er ótímabundinn.
- 1.15 Roð ehf. sækir um nýtt leyfi fyrir veislupjónustu og veitingaverslun, og samkomusal að Bárugötu 21 á Akranesi. Heiti staðar er Roð veitingar. Leyfi gefið út 28. maí 2025 og gildir í 12 ár.

Lagt fram.

2. Starfsemi sem hefur fengið staðfesta skráningu skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur skv. lögum nr. 7/1998.

- 2.1 Hárstofan Stykkishólmi ehf. Skráning fyrir hársnyrtistofu 1. apríl 2025, skráningarnúmer 520853.
- 2.2 Borgarbyggð. Skráning á niðurrifi mannvirkja fyrir Brákarbraut 25, Borgarbyggð 5. maí 2025, skráningarnúmer 527285.

Lagt fram.

3. Umsagnir

Umsagnir til sýslumanns um eftirfarandi umsóknir um rekstrarleyfi.

- 3.1 Bygghamar ehf. sækir um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, frístundahús. Gististaðurinn er staðsettur á Lyngholti í Helgafellssveit. Fjöldi gesta er 8. Jákvæð umsögn send 26. mars 2025.
- 3.2 Mystic Light ehf. sækir um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, -minna gistiheimili að Ljárskógarströnd 26, Laxárdal, Dalabyggð. Um er að ræða 2 smáhýsi. Heiti gististaðar er Mystic Light Lodge og fjöldi gesta er 4. Jákvæð umsögn send 14. apríl 2025.
- 3.3 Matarlistinn ehf. sækir um leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II, veitingahús, á Grundarbraut 2, í Ólafsvík. Heiti veitingastaðar er Matarlist og gestafjöldi er 70 gestir. Jákvæð umsögn send 5. maí 2025.
- 3.4 Gamla ráðhúsið ehf. sækir um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, stærra gistiheimili, á Borgarbraut 14 í Borgarnesi. Heiti gististaðar er Gamla ráðhúsið. Hámarksfjöldi gesta skv. umsókn er 21 manns. Jákvæð umsögn send 16. maí 2025.
- 3.5 Sker Restaurant ehf. sækir um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, stærra gistiheimili, á Ólafsbraut 19 í Ólafsvík. Hámarksfjöldi gesta skv. umsókn er 52. Jákvæð umsögn send 22. maí 2025.
- 3.6 Roð ehf. sækir um leyfi til reksturs veislupjónustu, veitingaverslunar og samkomusaluar, í flokki II, á Bárugötu 21 á Akranesi. Hámarksfjöldi gesta skv.

umsón er 80 gestir. Heiti staðar er Roð veitingar. Jákvæð umsögn send 28. maí 2025.

Umsagnir til sýslumanns- tækifærisleyfi um eftirfarandi umsóknir

- 3.7 Leikklúbbur Laxdæla sækir um tækifærisleyfi til áfengisveitinga á leiksýningum í félagsheimilinu Dalabúð, 14., 16., og 18. m2025. Jákvæð umsögn send 10. mars 2025.
- 3.8 2022 ehf. sækir um tækifærisleyfi til áfengisveitinga vegna tónleika í Grímshúsi í Borgarnesi 28. mars 2025. Jákvæð umsögn send 17. mars 2025.
- 3.9 Hestamannafélagið Borgfirðingur sækir um tækifærisleyfi fyrir dansleik í reiðhöllinni Vindási, Borgarnesi 23. apríl 2025. Jákvæð umsögn send 15. apríl 2025.
- 3.10 Knattspyrnufélag ÍA sækir um tækifærisleyfi til áfengisveitinga í veislusalnum á Jaðarsbökkum vegna knattspyrnuleiks 23. apríl 2025. Jákvæð umsögn veitt 23. apríl 2025.
- 3.11 Knattspyrnufélag ÍA sækir um tækifærisleyfi til áfengisveitinga vegna Kvennakvölds í íþróttahúsinu á Jaðarsbökkum 30. apríl 2025. Jákvæð umsögn send 28. apríl 2025.
- 3.12 Ungmennafélagið Víkingur sækir um tækifærisleyfi vegna Kvennakvölds í íþróttahúsi Snæfellsbæjar 5. apríl 2025. Jákvæð umsögn send 31. mars 2025.
- 3.13 Glapræði ehf. sækir um tækifærisleyfi til áfengisveitinga á tónlistarhátíðinni Sátan í Stykkishólmi 5. til 8. júní 2025. Jákvæð umsögn send 20. maí 2025.
- 3.14 Gamla ráðhúsið ehf. sækir um tækifærisleyfi vegna tónleika á Borgarbraut 14, Borgarnesi 17. maí s.l. Jákvæð umsögn send 15. maí 2025.

Lagt fram.

4. Umsagnir til sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar um skipulagsmál

Akraneskaupstaður

- 4.1 Innnesvegur 1 - Breyting á Aðalskipulagi Akraness. Mál nr. 12/2025. Umsögn veitt 12. mars 2025.
- 4.2 Deiliskipulag Flatahverfis, Klasi 5 og 6. Mál nr. 136/2024. Umsögn veitt 20. mars 2025.
- 4.3. Breyting á deiliskipulagi Akratorgsreits. Mál nr. 286/2025. Umsögn veitt 25. mars 2025.
- 4.4 Skipulagslýsing - Breyting á deiliskipulagi Arnardalsreits. Mál nr. 289/2025. Umsögn veitt 25. mars 2025.
- 4.5. Skipulagslýsing - Breyting á deiliskipulagi Stofnanareits. Mál nr. 287/2025. Umsögn veitt 25. mars 2025.
- 4.6. Nýtt deiliskipulag Kirkjubrautar. Mál nr. 284/2025. Umsögn veitt 25. mars 2025.

Borgarbyggð

- 4.7. Vindorkugarður Þorvaldsstöðum – Mat á umhverfisáhrifum Mál nr. 242/2025. Umsögn veitt 25. mars 2025.
Langárbyrgi við Langá. (endurauglýsing). Mál nr. 193/2025 – fyrri auglýsing nr. 730/2023. Umsögn veitt 3. apríl 2025.
- 4.8. Hraunsás III. Breytt Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022. Mál nr. 599/2024. Umsögn veitt 15. apríl 2025.
- 4.9. Hraunsás III. Nýtt deiliskipulag VP11. Mál nr. 233/2025. Umsögn veitt 22. apríl 2025.
- 4.10. Þjónustusvæði Baulu- lýsing fyrir nýtt deiliskipulag. Mál nr. 498/2025. Umsögn veitt 23. apríl 2025.
- 4.11. Varmaland íbúðabyggð- breytt deiliskipulag Mál nr. 234/2025. Umsögn veitt 23. apríl 2025.
- 4.12. Krumshólapartur 2- Lýsing deiliskipulags. Mál nr. 492/2025. Umsögn veitt 25. apríl 2025.

Grundarfjörður

- 4.12. Ölkeldudalur – Breyting aðalskipulags í tengslum við heildarendurskoðun deiliskipulags. Mál nr. 233/2024. Umsögn veitt 20. mars 2025.
- 4.13. Grund 2 - Kynning tillögu á vinnslustigi (Breyting á aðalskipulagi) nr. 0938/2023. Umsögn veitt 23. apríl 2025.
- 4.15. Grund 2 - Kynning tillögu á vinnslustigi (Breyting á deiliskipulagi) nr. 0939/2023. Umsögn veitt 23. apríl 2025.
- 4.16. Miðbæjarreitur – Breyting á aðalskipulagi mál 533/2025. Umsögn veitt 23. apríl 2025.

Stykkishólmur

- 4.17. Kallhamar-Hamraendar. Mál nr. 1027/2024. Umsögn veitt 28. mars 2025.
- 4.18. Hamraendar- athafnasvæði. Mál nr. 1030/2024. Umsögn veitt 28. mars 2025.
- 4.19. Kallhamar – athafnasvæði. Mál nr. 1029/2024. Umsögn veitt 28. mars 2025.

Hvalfjarðarsveit

- 4.19. Galtarlækur L133627 - Athafna- og hafnarsvæði, nr. 0063/2025: Lýsing (Breyting á aðalskipulagi). Umsögn veitt 13. mars 2025.
- 4.20. Hólabrúarnáma - Innri-Hólmur mál nr. 1298/2024. Umsögn veitt 28. mars 2025.

Kjósarhreppur

- 4.21. Eyjatjörn, Eyjum II – Deiliskipulag Eyjatjarnar- Lýsing. Mál nr. 162/2025. Umsögn veitt 11. mars 2025
- 4.22. Deiliskipulag frístundabyggðar Trönu í Kjós. Mál nr. 159/2025. Umsögn veitt 2. apríl 2025.
- 4.23. Deiliskipulag fyrir Þúfukot ferðaþjónustu. Mál nr. 161/2025. Umsögn veitt 2. apríl 2025.

Utanríkisráðuneytið

4.24. Umsögn um umsókn Rastar Sjávarrannsóknaseturs ehf. vegna vísindarannsókna í Hvalfirði. Umsögn veitt 28. mars 2025.

Lagt fram.

5 Vöktun gamalla urðunarstaða í Dalabyggð

5.1. Skýrsla frá Umhverfissráðgjöf Íslands ehf. Vöktun umhverfisþátta 2024 við aflagðan urðunarstað í landi Fjósa við Búðardal lögð fram.

5.2 Skýrsla frá Umhverfissráðgjöf Íslands ehf. Vöktun umhverfisþátta við urðunarstað fyrir óvirkan úrgang í landi Höskuldsstaða 2024.

Lagt fram.

6. Undanþága vegna laugargæslu, sbr. reglugerð 814/2010.

1214 sf. sækir um undanþágu vegna laugargæslu við sundlaugina á Hlöðum í Hvalfjarðarsveit sumarið 2025, í samræmi við 11. grein reglugerðar um öryggi á sund-og baðstöðum nr. 814/2010. Undanþága veitt 27. maí 2025 og gildir til 1. september 2025.

Lagt fram.

Sigrún vék af fundi.

7. Erindi Orkunnar IS ehf. vegna krafna Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

Lagt fram erindi Orkunnar IS ehf. dagsett 27. maí 2025 er varðar kröfur heilbrigðiseftirlits í máli nr. 136/2024.

Framkvæmdastjóra er falið að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.

8. Vöktun og mælingar á vegum Hvals hf.

8.1 Skýrsla Eflu um mælingar í fráveitu Hvals hf. Litla sandi dagsett 14. desember 2023 lögð fram.

8.2 Skýrsla Háskóla Íslands, Könnun á ástandi og lífríki sjávar við vinnslusvæði Hvals hf. á Litla Sandi í Hvalfirði 2023-24: Botndýr og næringarefni á og í seti, næringarefni í sjó og snefilefni í fjörukræklingi lögð fram.

Ofangreindar skýrslur voru lagðar fram og kynntar.

9. Önnur mál.

9.1 Fundargerð Aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands frá 26. mars 2025 var lögð fram.

9.2 Lögð fram breyting á bókun heilbrigðisnefndar sem var gerð rafrænt þann 23. apríl 2025. Bókunin felur í sér að í stað þess að kæra mál til lögreglu er það tilkynnt til Umhverfis og Orkustofnunar í samræmi við 70 gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Málið varðar óleyfilega förgun á kúamykju og var lagt fram á fundi nefndarinnar 3. mars 2025.

9.3 Nýr úrskurður úrskurðarnefndar um umhverfis og auðlindamál er varðar heilbrigðiseftirlit var lagður fram til kynningar. <https://uuu.is/urleits/43-2025-vesturvor-2/>

9.4 Framtíðarfyrirkomulag heilbrigðiseftirlits. Framkvæmdastjóri kynnti stöðu málsins.

9.5 Framkvæmdastjóri kynnti stöðu fjármála og eftirlitsverkefna.

Fundi slitið 17:38



187 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 12. mars kl.10:00 á Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi

Mætt voru; Guðveig Eyglóardóttir, Einar Brandsson, Ragnar Sæmundsson, Elín Ósk Gunnarsdóttir, Pétur Davíðsson, Sigurður Guðmundsson, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson, Júníana Óttarsdóttir, Sigurbjörg Ottesen. Ingibjörg Þ. Steinudóttir boðaði forföll. Auk þess sat fundinn Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV og ritaði fundargerð. Svala Svavarsdóttir verkefnisstjóri SSV sat fundinn undir lið fjögur.

Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV, setti fund kl.10:05

Dagskrá

1. Fundargerð frá 186 fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 186 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

2. Aðalfundur SSV 2025

Lögð fram drög að dagskrá fyrir aðalfund SSV sem fer fram miðvikudaginn 26 mars n.k. Stjórn samþykkti tillögu að dagskrá.

3. Ársskýrsla SSV 2024

Framkvæmdastjóri kynnti vinnu við ársskýrslu SSV og að uppsetning og efnistöð verði með svipuðu sniði og undanfarin ár.

4. Ársreikningur SSV 2024

Á fundinn mætti Sigríður H. Sveinsdóttir endurskoðandi hjá KPMG og kynnti ársreikningi SSV fyrir árið 2024. Fram kom að rekstur SSV var jákvæður um 1.330.484 á árinu. Eigið fé er kr. 92.740.910 og veltufé frá rekstri var kr. 3.260.325. Stjórn samþykkti reikninginn og vísaði honum til afgreiðslu á aðalfundi SSV.

5. Samgöngumál

Undanfarið hefur ríkt neyðarástand í vegamálum á Vesturlandi vegna skorts á viðhaldi. Sveitarfélögin á Vesturlandi ásamt SSV sendu forsætisráðherra erindi vegna þessa og í kjölfarið var haldinn fundur með forsætis- og samgönguráðherra þar sem farið var fram á sérstakar fjárveitingar til viðhaldsverkefna á Vesturlandi sem þarf að ráðast í í hið fyrsta. Til að fara frekar yfir stöðuna kom Pálmi Sævarsson svæðisstjóri Vegagerðarinnar á Vesturlandi inn á fundinn til að kynna m.a. þær aðgerðir sem Vegagerðin telur nauðsynlegt að ráðast í. Eftir kynningu Pálma bókaði stjórn eftirfarandi:

„ Í kynningu Pálma Sævarssonar svæðisstjóra Vegagerðarinnar á Vestursvæði fór hann yfir helstu áherslur varðandi forgangsverkefni í viðhaldi, bæði þau verkefni sem hægt er að fara af stað með nú þegar sem og þau verkefni sem nauðsynlegt og raunhæft er að vinna árin 2026 og 2027. Fram kom að Vegagerðin hefur sent þessar áherslur á ráðuneyti samgöngumála. Stjórn SSV tekur undir mikilvægi þess að nú þegar verði veitt fjármagni til þeirra bráðaaðgerð sem Vegagerðin telur nauðsynlegt að ráðast í til þess að hægt sé að létta á því neyðarástandi sem ríkt hefur undanafarið í vegamálum á Vesturlandi.“

Undir þessum dagskrárlið urðu töluverðar umræður um fjármögnun á uppbyggingu og viðhaldi vegakerfisins og að leita þurfi nýrra leiða til að fjármagna þessa uppbyggingu til framtíðar. Ýmsar efasemdir komu fram um fyrirhugað kílómetragjald sem leið til þess að fjármagna vegakerfið.

Bæjar- og sveitarstjórar á Vesturlandi tóku þátt í þessum dagskrárlið á Teams.

6. Starfsmannamál

Lögð fram drög að mannauðsstefnu, fjarvinnustefnu og starfsmannahandbók fyrir SSV. Framkvæmdastjóri kynnti vinnu við þessar stefnur og fór yfir helstu þætti. Stjórn fagnaði því að þessi vinna væri í gangi og gerði ekki athugasemdir við framkomin drög. Jafnframt var framkvæmdastjóra falið að ljúka þessari vinnu.

7. Samráðsvettvangur Sóknaráætlunar Vesturlands

Lögð fram tillaga um skipan samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Vesturlands. Stjórn ræddi tillöguna og kom með ábendingar um fulltrúa. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að verkefninu.

8. Upplýsingamál

Lagt fram minnisblað um vefsíðu SSV og endurnýjun á henni. Áætlaður kostnaður við verkefnið eru 2,3 m.kr. Stjórn SSV samþykkti að heimila framkvæmdastjóra að ráðast í vinnu við endurnýjun á heimasíðu SSV og nýta til þess hluta af handbæru fé.

9. Samráð um breytingar á skilyrðum um tíðniheimildir

Framlagt bréf frá SSV sem sent var til Fjarskiptastofu 30. janúar s.l. vegna seinkunar á uppbyggingu farsímanets við stofnvegi. Önnur landshlutasamtök sendu sambærileg bréf þar sem lýst er yfir þungum áhyggjum af því að uppbygging senda við stofnvegi tefjist um eitt ár, en upphaflega var fyrirhugað að verkefninu lyki árið 2026.

Fundi slitið kl.12:45

Fullgild rafræn undirskrift

SIGURDUR GUÐMUNDSSON

Kennitala: 010376-4919
2025-05-07 15:18:30 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

SIGURDUR GUÐMUNDSSON

Kennitala: 301167-3939
2025-04-03 07:14:19 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

ELÍN ÓSK GUNNARSDÓTTIR

Kennitala: 200890-2849
2025-04-02 15:35:38 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

JÓSEF ÓLAFUR KJARTANSSON

Kennitala: 060177-5979
2025-05-07 15:31:17 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

JAKOB BJÖRGVIN SIGRÍÐARSON JAKOBSSON

Kennitala: 060982-3549
2025-04-03 09:09:33 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

EINAR BRANDSSON

Kennitala: 130162-3559
2025-04-02 15:46:13 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

SIGURBJÖRG ELLEN OTTESSEN

Kennitala: 050782-3959
2025-05-07 16:37:51 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

RAGNAR BALDVIN SÆMUNDSSON

Kennitala: 030882-5719
2025-04-06 01:12:12 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

JÚNÍANA BJÖRG ÓTTARSDÓTTIR

Kennitala: 080273-4959
2025-04-02 21:01:07 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

PÉTUR DAVÍÐSSON

Kennitala: 270674-4539
2025-04-30 10:09:37 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

PÁLL SNÆVAR BRYNJARSSON

Kennitala: 010365-4819
2025-04-02 21:16:10 GMT
Ástæða: Undirskrift



188 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 30. apríl kl.10:00 á Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi.

Mætt voru; Ragnar Sæmundsson, Pétur Davíðsson, Guðveig Eyglóardóttir, Sigurður Guðmundsson, Ingibjörg Þ. Steinudóttir, Júníana Óttarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen. Einar Brandsson og Jakob B. Jakobsson tóku þátt í fundinum á Teams. Andrea Arnarsdóttir mætti sem varamaður Elínar Gunnarsdóttur og Garðar Svansson mætti sem varamaður Jósefs Kjartanssonar. Auk þess sat fundinn Páll S. Brynjarsson og ritaði fundargerð.

Ragnar Sæmundsson, formaður SSV, setti fund kl.10.00

Dagskrá

1. Fundargerð frá 187 fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 187 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina

2. Tillaga að dagsetningum fyrir stjórnarfundum

Lögð fram tillaga að dagsetningum fyrir stjórnarfundum SSV fyrir árið 2025 og fram að aukaaðalfundi 2026. Stjórn samþykkti tillöguna. Í henni kom fram að Haustþing SSV 2025 mun fara fram á Akranesi 24. september n.k.

3. Vegamál á Vesturlandi

Lagt fram minnisblað um áherslur Vegagerðarinnar varðandi viðhaldsverkefni á Vesturlandi árinu 2025-2027. Jafnframt kom fram að í tillögu að Fjármálaáætlun ríkisins fyrir árin 2026-2030 er lagt til að veitt verði 5.8 ma.kr. til viðhalds vega sem sérstakri viðbótar fjárveitingu. Hins vegar liggur ekki fyrir hvort viðbótarfjárveiting komi til viðhalds vega árið 2025.

4. Umsögn um fjármálaáætlun 2026-2030, mál 264.

Framlögð drög að umsögn um fjármálaáætlun fyrir árin 2026-2030. Stjórn ræddi drögin og kom með ábendingar og viðbætur. Stjórn samþykkti að senda umsögnina til nefndasviðs alþingis.

5. Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktanir

Framkvæmdastjóri kynnti umsagnir um þingmál sem SSV hefur sent til alþingis frá síðasta fundi stjórnar. Það eru umsagnir um Borgarstefnu mál 158, frumvarp um kílómetragjald og auk þess var SSV aðili að umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga um skipulag haf og strandsvæða og skipulagslög mál 147. Umsögnin var í samræmi við

áherslur í skýrslu sem SSV og FV unnu að ásamt fleiri aðilum um Framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar. Þá sendi SSV umsögn um tillögu um breytingar á veiðigjöldum sem var í samráðsgátt.

6. Starfsmannamál

Lögð fram endurskoðuð drög að mannauðsstefnu, fjarvinnustefnu og starfsmannahandbók fyrir SSV. Stjórn SSV samþykkti stefnurnar og handbókina sem taka gildi nú þegar.

7. Verkefni og viðburðir á vegum SSV sem framundan eru.

Lagt fram minnisblað yfir nokkur verkefni og viðburði á vegum SSV sem framundan eru á næstu mánuðum.

8. Af vettvangi Sambandsins

Einar Brandsson fór yfir helstu mál á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í kynningunni kom hann inn á stöðuna á kjaramálum, vinnu starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og heilbrigðisnefndir, frumvarp til laga um sýslumenn, Brunamálasjóður (trúnaðarmál), 80 ára afmæli Sambands íslenskra sveitarfélaga sem er í ár og viðburði því tengdu.

Undir þessum lið varð einnig umræða um uppsögn Vinnumálastofnunar á þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Fundi slitið kl.12:10

Fullgild rafræn undirskrift SIGURÐUR GUÐMUNDSSON Kennitala: 301167-3939 2025-05-07 17:29:29 GMT Ástæða: Undirskrift	Fullgild rafræn undirskrift PÉTUR DAVÍÐSSON Kennitala: 270674-4539 2025-05-07 23:41:47 GMT Ástæða: Undirskrift	Fullgild rafræn undirskrift ANDREA YR ARNARSDÓTTIR Kennitala: 171290-2369 2025-05-08 10:24:05 GMT Ástæða: Undirskrift	
Fullgild rafræn undirskrift GUÐVEIG LIND EYGLÓARDÓTTIR Kennitala: 010376-4919 2025-05-07 15:19:21 GMT Ástæða: Undirskrift	Fullgild rafræn undirskrift JAKOB BJÖRGVIN SIGRÍÐARSON JAKOBSSON Kennitala: 060982-5549 2025-05-07 15:31:57 GMT Ástæða: Undirskrift	Fullgild rafræn undirskrift GARÐAR SVANSSON Kennitala: 171168-5039 2025-05-07 16:03:46 GMT Ástæða: Undirskrift	Fullgild rafræn undirskrift SIGURBJÖRG ELLEN OTTESEN Kennitala: 050782-3959 2025-05-07 16:39:24 GMT Ástæða: Undirskrift
Fullgild rafræn undirskrift EINAR BRANDSSON Kennitala: 130162-3559 2025-05-07 14:35:58 GMT Ástæða: Undirskrift	Fullgild rafræn undirskrift PÁLL SNÆVAR BRYNJARSSON Kennitala: 010365-4819 2025-05-07 14:37:48 GMT Ástæða: Undirskrift	Fullgild rafræn undirskrift RAGNAR BALDVIN SÆMUNDSSON Kennitala: 030882-5719 2025-05-07 14:42:20 GMT Ástæða: Undirskrift	Fullgild rafræn undirskrift INGIBJÖRG ÞÓRANNA STEINUDÓTTIR Kennitala: 030983-4089 2025-05-07 14:51:02 GMT Ástæða: Undirskrift

Fundargerð 88. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2025, þriðjudaginn 15. apríl kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Fannar Jónasson, Íris Róbertsdóttir, Gerður Björk Sveinsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Heimir Örn Árnason og Sigurjón Andrésson.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Drög að frumvarpi um breytingar á lögum um veiðigjald - óskað umsagnar - 2503003SU

Til umræðu voru næstu skref varðandi fyrirhugaða hækkun veiðigjalda. Ráðgjafar KPMG fóru yfir stöðuna á greiningavinnu á áhrifum hækkunar veiðigjalda á sjávarútvegssveitarfélög.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga hefur áhyggjur af áhrifum boðaðs frumvarps um hækkun veiðigjalda á sveitarfélög í landinu. Ráðherra hefur ekki lagt nein gögn fram er sýna fram á bein og óbein áhrif þess á samfélagið og því hefur stjórn samtakanna fengið KPMG til áframhaldandi vinnu við að greina áhrif hækkunar veiðigjalda á sveitarfélög og einstaka byggðakjarna. Stjórn samtakanna hvetur ráðherra til að leggja fram þær greiningar er frumvarpið byggir á.

Gestir undir þessum lið voru Róbert Ragnarsson og Sýlvía Rut Vilhjálmisdóttir frá KPMG.

2. Landsréttur - aflagjald á eldisfisk - 2503004SU

Umræðu framhaldið frá seinasta fundi.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga telur nauðsynlegt að farið verði í endurskoðun á hafnalögum með það í huga að hagsmunir sjókvíaldissveitarfélaga séu tryggðir. Breytingin á 17. gr. hafnalaga þar sem ákvæði um heimild til innheimtu eldisgjalds var bætt inn, dugar ekki ein og sér til að tryggja tekjur til að standa undir uppbyggingu og rekstri hafna í tengslum við greinina. Skoða þarf gjaldtökuna með tilliti til breyttrar notkunar hafna. Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga hvetur innviðaráðherra til að hefja nú þegar endurskoðun á hafnalögunum í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök sjávarútvegssveitarfélaga og Hafnasamband Íslands.

3. Önnur mál til umræðu - 2409001SU

Formanni, varaformanni og starfsmanni samtakanna falið að skipuleggja fræðsluferð til Noregs.

Fundi var slitið kl. 9:10

Fundargerð 89. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2025, miðvikudaginn 7. maí kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Jón Björn Hákonarson, Fannar Jónasson, Gerður Björk Sveinsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon og Heimir Örn Árnason.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Drög að frumvarpi um breytingar á lögum um veiðigjald - óskað umsagnar - 2503003SU

Róbert Ragnarsson og Sýlvía Rut Vilhjálmsdóttir frá KPMG mættu á fundinn og fóru yfir greiningavinnu vegna frumvarpsins. Farið var yfir framhald greiningavinnunnar.

Stjórn samþykkir að boða til fundar með öllum þingmönnum þar sem farið verður yfir greiningavinnu KPMG og umsögn samtakanna við frumvarpið. Fundurinn verður haldinn föstudaginn 16. maí kl. 8:30-9:30.

2. Strandveiðar - 2409001SU

Stjórn ræddi aukningu á strandveiðum og hvaða áhrif það getur haft á annan sjávarútveg þar sem ljóst er að auka þarf kvóta til strandveiða en óljóst hvaðan sú kvótaaukning verður tekin.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga lýsir yfir miklum áhyggjum við þau vinnubrögð að stórauka strandveiðar án þess að gefið sé út hvaðan sá kvóti kemur samhliða því að boðaðar eru miklar hækkanir á veiðigjöldum.

Sífelldar breytingar á starfsumhverfi sjávarútvegsins eykur óöryggi þess fólks sem vinnur í greininni og þá í leiðinni þeirra sveitarfélaga sem eru mjög háð atvinnu og tekjum af veiðum og vinnslu. Mikilvægt er að við breytingar á lögum og reglum er varða sjávarútveginn sé horft til þess að treysta starfsumhverfi þess fólks sem starfar í greininni og vera búin að sjá fyrir afleiðingar er breytingar hafa á atvinnugreinina og um leið sveitarfélög.

Fundi var slitið kl. 09:00

Fundargerð 472. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2025, mánudaginn 28. apríl kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Alexandra Jóhannesdóttir, Dóra Björk Gunnarsdóttir og Elliði Vignisson.

Að auki sátu fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerðir 470. og 471. fundar - 2401001HA

Lagðar fram til kynningar fundargerð 470. fundar stjórnar Hafnasambandsins frá 19. febrúar 2025 og fundargerð 471. fundar frá 28. mars 2025 sem báðar hafa verið undirritaðar með rafrænum hætti.

2. Hafnasamband Íslands - ársreikningur 2024 - 2501001HA

Lögð fram drög að ársreikningi Hafnasambands Íslands fyrir árið 2024.

Samþykkt að vísa ársreikningnum til kynningar hjá aðildarhöfnum, sbr. ákvæði í 5. mgr. 5. gr. laga Hafnasambandsins, og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum. Afgreiðslu frestað þar til þessu er lokið.

3. Drög að reglugerð um 13. breytingu á reglugerð nr. 745-2016 um vigtun og skráningu sjávarafla - óskað umsagnar - 2504001HA

Lögð fram til kynningu umsögn Hafnasambands Íslands um drög að reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafla, S-65-2025, dags. 8.apríl 2025.

4. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda - móttaka úrgangs í höfnum - 2503001HA

Lögð fram til kynningar að nýju umsögn Hafnasambands Íslands um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, dags. 7. mars 2025. Jafnframt upplýst um að búið sé að leggja til að gildistöku verði frestað til 1. janúar 2026.

5. Fagráð um siglingamál - 2410005HA

Rætt um mikilvægi þess að fagráð um siglingamál hefji störf sem fyrst en innviðaráðuneytið óskaði eftir tilnefningum í ráðið þann 10. október 2024. Búið er að boða fyrsta fund ráðsins en hann verður haldinn 29.apríl nk.

6. Vorfundur 2025 - 2501002HA

Lögð fram dagskrá fyrir vorfund stjórnar Hafnasambands Íslands 2025 sem haldinn verður á höfuðborgarsvæðinu.

7. Hafnafundur 2025 - 2411002HA

Rætt um skipulag og drög að dagskrá Hafnafundar 2025 en á seinasta fundi var ákveðið að finna hentugri dagsetningu fyrir Hafnafundinn til að tryggja gistingu fyrir þátttakendur. Lagt er til að Hafnafundur verði haldinn í Ólafsvík 23. október 2025.

Stjórn samþykkir að halda Hafnafund í Ólafsvík 23. október 2025 og felur starfsfólki að hefja undirbúning.

Dóra Björk Gunnarsdóttir kom inn á fundinn kl. 11:25.

8. Úrvinnslusjóður - veiðafærasamningur við SFS - 2012002HA

Lögð fram drög að uppfærðum samningi um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu veiðarfæraúrgangs sem inniheldur plast, dags. 31. mars 2025. Hildur Hauksdóttir, sérfræðingur í umhverfismálum hjá SFS og Sigurgeir Bárðarson lögfræðingur hjá SFS, komu inn á fundinn undir þessum lið.


Stjórn Hafnasambands Íslands þakkar fyrir kynninguna og fagnar því að uppfærður samningur liggi nú fyrir. Stjórnin leggur ríka áherslu á að gengið verði formlega frá samningnum sem fyrst og að jafnframt verði vandað til skráningar og eftirlits með tölfraði um úrvinnslu veiðafæraúrgangs.

9. Skráning aflaupplýsinga og strandveiðar - 2504003HA

Lagt fram bréf Fiskistofu, dags. 28. apríl 2025, skráningu aflaupplýsinga og strandveiðar.

Starfsfólki falið að senda bréfið áfram til aðildarhafna til upplýsinga.

Fundi var slitið kl. 12:15



Sveitarfélagsmörk hnit
X og Y

S00 - 329818.4100 : 485633.5600
S01 - 320090.9700 : 485573.8000
S02 - 319164.6400 : 484486.5400
S03 - 319052.5100 : 483702.8800
S04 - 318941.9600 : 483541.3800
S05 - 319179.6845 : 482962.9235
S06 - 319191.4677 : 482934.2514
S07 - 319276.2874 : 482934.0643
S08 - 319418.3826 : 482951.7483
S09 - 319541.1552 : 482935.4030
S10 - 319660.8636 : 482852.8658
S11 - 319768.1327 : 482754.6933
S12 - 319846.3646 : 482723.5538
S13 - 319895.6585 : 482719.9097
S14 - 319990.1825 : 482737.7142
S15 - 320075.6542 : 482766.6642
S16 - 320123.9200 : 482776.3106
S17 - 320053.4700 : 482315.8400

Samkomulag um
Sveitarfélagsmörk/landamerki/
hnitapunkta á milli jarða.

Borgarholt
Landeignanúmer: L136125

f.h. Sjávarfoss ehf - kt.420600-2080

Landspilda úr landi M
Landeignanúmer: L219078

f.h. Sjávarfoss ehf - kt.420600-2080

Stakkhamar
Landeignanúmer: L136172, L136173

Þróstur Aðalbjarnarson - kt.270274-2939
50%

Laufey Bjarnadóttir
Laufey Bjarnadóttir - kt.180270-4189
50%

Hofstaðir
Landeignanúmer: L136142

f.h. Hofstaðarháls - kt.680622-1160

Loftmynd: Loftmyndir ehf
Hnitakerfi: ISN93
Bláðstærð: A3

Sveitarfélagsmörk og landamerki
milli
Borgarholts - L136125
og
Landspilda úr landi M - L219078
og
Stakkhamars - L136172
Svo er hnitapunktur við
Hofstaði - L136142

Dags: 02.05.2025
Teiknað:
Sigurbjartur Loftsson
kt.120473-3329

Snæfellsbær 22.5.2025

Bæjarráð Snæfellsbæjar
Klettsbúð 4,
360 Hellissandi

Við í öryggisnefnd grunnskóla Snæfellsbæjar viljum ítreka áhyggjur okkar af eftirfarandi atriðum sem ítrekað hefur verið bent á.

1. Tröppur á skólalóðinni við Grunnskólann í Ólafsvík.
2. Þakkantur á gamla skólanum á Hellissandi.
3. Undirlag undir leiktækjum á skólalóðum.

Starfsmönnum tæknideildar Snæfellsbæjar hafa verið upplýstir um málið ásamt því að bæjarstjórn var sýndir þessir þættir í heimsókn þeirra síðastliðið haust.

Það er einlæg krafa okkur að gengið verði í að lagfæra þessa hluti áður en alvarleg slys eiga sér stað.

Virðing og vinsemd.
Öryggisnefnd Grunnskóla Snæfellsbæjar



Outlook

Motocrosskeppni - umsögn/samþykki sveitarfélags

From Eggert Magnusson <eggertmag@gmail.com>

Date Tue 5/27/2025 12:02 PM

To Lilja Ólafardóttir <lilja@snb.is>

Góðan daginn

Fyrir hönd MSÍ / Mótorhjóla & Snjósleðaíþróttasambands Íslands og Motocrossklúbbs Snæfellsbæjar sæki ég hér með um leyfi/umsögn sveitarfélags Snæfellsbæjar fyrir keppnishaldi í motocross þann 14. júní næstkomandi í motocrossbraut við Ólafsvík, á breiðinni við Útnesveg.

Bestu kveður,
Eggert Magnússon
S: 8617683



Hvetjum til samveru fjölskyldunnar í sumar

From Saman Hópurinn <saman@samanhopurinn.is>

Date Tue 5/27/2025 1:03 PM

To lisbet.sigurdardottir@landlaeknir.is <lisbet.sigurdardottir@landlaeknir.is>

Some people who received this message don't often get email from saman@samanhopurinn.is. [Learn why this is important](#)

Kæra sveitarstjórnarfólk

Hvetjum til samveru fjölskyldunnar í sumar

Í sumar vill SAMAN-hópurinn minna á **mikilvægi samveru foreldra/forráðamanna og unglunga sem lykilþátt í forvörnum**. Rannsóknir hafa sýnt að samvera fjölskyldunnar er einn helsti skýringarþátturinn fyrir góðu gengi í forvörnum á undanförunum árum.

📢 Við hvetjum ykkur til að deila skilaboðum hópsins á ykkar miðlum. Efni, myndir, veggspjöld og fleira má finna á <https://www.samanhopurinn.is/aherslur>. Nú erum við að hanna nýtt útlit á skilaboðin okkar sem koma inn á vefinn á næstu vikum. Endilega fylgist með á [Facebook síðu hópsins](#). Hafið samband ef þið óskið eftir sérútgáfum fyrir ykkar sveitarfélag: saman@samanhopurinn.is.

👤 Einnig hvetjum við sveitarfélög sem standa fyrir bæjarhátíðum að huga að öryggi barna og ungmenna t.d. með því að fylgja áfengislögum, útivistartímum og öðrum ákvæðum barnaverndarlaga. Sérstök skilaboð fyrir bæjarhátíðir eru einnig aðgengileg á síðunni.

📁 Talsmenn SAMAN-hópsins veita fúslega ráð og koma með ábendingar út frá sjónarhorni forvarna sé þess óskað. Í hópnum eru margir sem hafa reynslu af því að bæta skipulag bæjarhátíða með einum eða öðrum hætti.

Markmið SAMAN-hópsins

- Að vinna gegn áhættuhegðun barna og unglunga, styðja við heilbrigðan lífsstíl og koma í veg fyrir að börn og unglingar ánetjist áfengi og öðrum vímuefnum.
- Að efla samtakamátt og samstarf þeirra sem vinna að forvörnum.
- Að vekja athygli á þeirri ógn sem börnum og unglingum stafar af áfengi og vímuefnum í samfélaginu.
- Styðja foreldra í uppeldishlutverkinu, undirstrika ábyrgð þeirra og hvetja til jákvæðra fjölskyldusamskipta.

Þeir sem standa að hópnum eiga það sammerkt að vinna á einhvern hátt með og fyrir börn og unglunga. Tengist sú vinna einkum forvörnum, uppeldi, menntun, meðferð og ráðgjöf.

Gleðilegt sumar,

Fulltrúar SAMAN-hópsins



Reykjavík, 24. maí 2024

Kristinn Jónasson, bærarstjóri Snæfellsbæjar
Klettabúð 4,
Snæfellsbæ

Fyrir hönd afkomenda Jóns Sigurðssonar og Guðrúnar Sigtryggisdóttur, síðast ábúendur að Bjargi á Arnarstapa, viljum við þakka þér og bærarstjórn Snæfellsbæjar fyrir ykkar þátt í að koma því til leiðar að umhverfi styttunnar af Bárði Snæfellsás er orðið til muna betra og fallegra en áður var.

Laugardagurinn 15. Júní 2024 var sannur hátíðisdagur ættmenna Jóns og Guðrúnar, en þá var skiltið með upplýsingum um Bárð afhjúpað við það tilefni, en Snæfellsbær kom því til leiðar að skiltið varð að veruleika.

Nú er meiningin að afkomendur Jóns og Guðrúnar hittist öðru sinni um helgina 21.-22. Júní. Af því tilefni langar okkur að fara þess á leit að sett verði glær plata á upplýsingaskiltið til að vernda það gegn veðri og vindum, en talað var um að setja slíka plötu á skiltið þegar það var vígt í fyrra. Einnig erum við öll afar ósátt við hleðslustöðvar, sem nýlega hafa verið upp alltof nálægt styttunni. Hefur okkur verið tjáð að stöðvarnar yrðu fjarlægðar, en það hefur brugðist til þessa.

Kærar þakkir fyrir einstaklega ánægjulegt samstarf sem stuðlaði að því gott mál fékk framgang, öllum til góðs. Nú er bara að gera gott verk ennþá betra.

Virðingarfyllst,

Birna Hreiðarsdóttir
Ragnheiður Vígundsdóttir